# Professional Microdispers

## Glær bindigrunnur

### Efnislýsing

Professional Microdispers er alkalíþolinn, vatnsþynnanlegur akrýlbindigrunnur, blátónaður og gelkenndur. Efnið má nota innan- og utanhúss á pússaða og ópússaða steypta fleti, gifsplötur, steintrefjaplötur og spartlaða fleti. Professional Microdispers bindur sig vel við gleypið undirlag og eykur viðloðun fyrir málningu. Professional Microdispers skal ætíð nota sem bindigrunn á kalkmálaða fleti við endurmálun með innimálningu.




### Meðhöndlun

1. Flöturinn skal vera þéttur, þurr og hreinn. Á honum má ekki vera laust efni, svo sem pússningasandur eða spartl, og hann verður einnig að vera laus við fitu og olíu.
2. Berið Professional Microdispers ríkulega á flötinn uns hann er mettaður en þó ekki svo mikið að hann verði gljáandi. Ef flöturinn verður yfirmettaður af efninu skal þurrka umframefnið af. Athugið að Professional Microdispers á ekki að þynna fyrir notkun.
3. Málið síðan eftir aðstæðum yfir Professional Microdispers með viðeigandi málningu.

### Heilsufars- og umhverfismál

Við pússun eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir og gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal mála í vel loftræstu rými og nota grímur fyrir öndunarfæri ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Ekki láta málningar-fötuna standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.

### Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Innan- og utanhúss
**Tegund:** Akrýllatexþeytulausn
**Þurrktími:** Við 23°C/50% raka, 1 klst
**Yfirmálun:** 3-4 klst
**Lágmarkshiti við málun:** +5°C
**Rakastig:** 40-80%, kjörrakastig 65%
**Þynning:** Vatn
**Verkfæri:** Penslar, rúllur, málningarsprautur
**Þekja:** 8-10 $m^2$/l
**Umbúðir:** 5 og 10 lítra fötur
**Hreinsun:** Sápuvatn
**Geymsla:** Í frostfríu rými
**Rokgjörn lífræn efni** (VOC (fl. A/h) 30 g/l.): Inniheldur mest 10 g/l

SÉREFNI Dalvegi 32b Kópavogi | sími 517 0404 | serefni.is